



# ATVINNU-, FERÐA OG MENNINGARNEFND HRUNAMANNAHREPPS

5. fundur Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 - 2026 haldinn miðvikudaginn 26. september 2023 kl. 16:00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Ragnhildur S. Eypórsdóttir, formaður, Arna Þöll Sigmundsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri. Herbert Hauksson þurfti að boða forföll og ekki náðist í varamann. Formaður ritaði fundargerð í tölvu, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár.

## 1. Erindisbréf Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd

Sveitarstjóri kynnir erindisbréf fyrir nefndinni, engar athugasemdir komu frá nefndinni varðandi erindisbréfið.

## 2. Gjaldskrá Félagsheimilisins

Sveitarstjóri kynnti hækkun á gjaldskrá Félagsheimilisins í samræmi við fjárhagsáætlunargerð 2024. Umræður sköpuðust um gjaldskrá Félagsheimilisins þar sem nefndarmönnum finnst gjaldskráin ekki nógu skýr og hnitmiðuð. Lagt var til, að boða forstöðumann félagsheimilisins hana Sigrúnu Guðlaugsdóttur á næsta fund nefndarinnar og fara betur yfir gjaldskrána með henni.

## 3. Uppskeruhátíðin

Formaður nefndarinnar fór yfir uppskeruhátíðina sem tókst almennt vel. Kvenfélagið sá um kaffi söluna og nefndin sá um borðin á markaðnum, í heildina voru 19 aðilar með 24 borð. Punktur eftir markaðinn voru helst að biðja aðila sem eru með borð á markaðnum um að vera allan tímann sem opnun er auglýst en þó nokkur fjöldi var farin um 1 klst áður en markaðurinn var búin og því margir sem misstu af því að versla þá. Umræður sköpuðust um að eðlilegast væri ef sami aðili væri með kaffi söluna og umsjón yfir skráningu á markaðinn og myndi þá alfarið sjá um borðin. Lagt er upp með að það verði með því sniði á næsta ári. Þá var einnig rætt um það hvernig væri hægt að stuðla að því að fá fleiri grænmetisbændur á markaðinn til þess að auka fjölbreytni og úrval sem nefndin mun taka fyrir betur síðar. Nefndinn ætlar að byrja undirbúning og skipulagningu á Uppskeruhátíðinni strax á fyrsta fundi eftir áramót.

#### **4. Jólamarkaður**

Þann 2. desember verður jólamarkaðurinn haldin í annað sinn í félagsheimilinu á Flúðum. Sett verður auglýsing í Pésann með helstu upplýsingum um markaðinn og einnig á Facebook sem verður síðan deilt á síðu hreppsins. Lagt er upp með að jólamarkaðurinn verði opnaður með því að oddviti eða sveitarstjóri kveiki á jólatréi sem staðsett er fyrir utan Félagshemilið og haldi smá tölu. Verkefnum var síðan skipt á milli nefndarmanna. Formanni var falið að ræða við Ævar í eldhúsinu til þess að panta mandarínur til að gefa á markaðinum, hafa samband við Óskar og Þránd, og finna aðila til þess að vera með söngatriði. Arna sér um allt utanumhald yfir þá aðila sem mæta á markaðinn og er í samskiptum við þá. Körfuboltadeildin verður með veitingasölu á meðan markaðurinn er opinn.

#### **5. Önnur mál**

Sveitarstjóri fól nefndinni að koma með tillögu að umsjónarmanni 17. júní.

Fleira ekki gert og fundi slitið 17:05